

AUGLÝSING

um upplýsingaöryggissamning Atlantshafsbandalagsins frá 1997.

Hinn 24. janúar 2013 var bandaríska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli aðila að Norður-Atlantshafssamningnum um upplýsingaöryggi sem gerður var í Brussel 6. mars 1997.

Samningurinn öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 23. febrúar 2013 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 9. desember 2021.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal 1.**SAMNINGUR
MILLI AÐILA AÐ NORÐUR-ATLANTSHAFSSAMNINGNUM
UM UPPLÝSINGAÖRYGGI.**

Aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum sem var undirritaður í Washington hinn 4. apríl 1949, sem áréttta að árangursríkt pólitískt samráð, samvinna og varnaráætlanir, sem miða að því að markmiðum þess samnings verði náð, fela í sér að aðilar skiptist á trúnaðarflokkuðum upplýsingum,

sem hafa í huga að nauðsynlegt er að stjórnvöld aðila að Norður-Atlantshafssamningnum geri ráðstafanir vegna samskipta sín á milli til þess að vernda og tryggja sameiginlega öryggi trúnaðarflokkaðra upplýsinga sem þau kunna að skiptast á,

sem gera sér grein fyrir að þörf er almennra rammaákvæða um öryggisviðmiðanir og -verklag,

sem fyrir eigin hönd og hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilarnir skulu:

- i. vernda og tryggja öryggi:
 - a) trúnaðarflokkaðra upplýsinga (sjá I. viðauka), þ.e. upplýsinga merktra tilteknu trúnaðarstigi, sem stafa frá NATO (sjá II. viðauka) eða sem aðildarríki sendir NATO,
 - b) trúnaðarflokkaðra upplýsinga, þ.e. upplýsinga merktra tilteknu trúnaðarstigi, frá aðildarríkjunum sem þau senda öðru aðildarríki til þess að vinna að framgangi áætlunar, verkefnis eða samnings á vegum NATO,
- ii. viðhalda trúnaðarflokkun upplýsinga, sbr. skilgreiningu í i. lið hér að framan, og gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að tryggja öryggi þeirra til samræmis við hana,
- iii. ekki nota trúnaðarflokkaðar upplýsingar, sbr. skilgreiningu í i. lið hér að framan, í öðrum tilgangi en þeim sem mælt er fyrir um í Norður-Atlantshafssamningnum og ákvörðunum og ályktunum sem lúta að honum,
- iv. ekki birta öðrum en þeim sem eru aðilar að NATO upplýsingar, sem eru skilgreindar í i. lið hér að framan, án samþykkis upprunaaðila.

2. gr.

Aðilarnir skulu, í samræmi við 1. gr. samnings þessa, tryggja að komið verði á fót öryggisstjórnvaldi vegna starfsemi NATO sem hefur það hlutverk að hrinda í framkvæmd öryggisráðstöfunum í verndarskygni. Aðilarnir skulu ákveða og beita öryggisviðmiðunum sem skulu tryggja samræmd verndarstig trúnaðarflokkaðra upplýsinga.

3. gr.

1. Aðilarnir skulu tryggja að allir ríkisborgarar hvers og eins, sem þurfa eða kunna, er þeir gegna opinberum skyldustörfum sínum, að hafa aðgang að upplýsingum flokkuðum sem TRÚNAÐAR-MÁL og hærra, hljóti öryggisvottun með viðeigandi hætti áður en þeir hefja skyldustörf.
2. Verklag við öryggisvottun skal miða að því að ákveða hvort tiltekinn einstaklingur geti haft aðgang að trúnaðarflokkuðum upplýsingum, að teknu tilliti til hollustu hans og trúverðugleika, án þess að öryggi sé stofnað í hættu þannig að ekki verði við unað.
3. Hver aðilanna skal vinna með hinum aðilunum, að fram kominni beiðni þar um, að því að framkvæma öryggisvottun hvers og eins.

4. gr.

Aðalframkvæmdastjórinn skal tryggja að NATO beiti viðeigandi ákvæðum samnings þessa (sjá III. viðauka).

5. gr.

Samningur þessi kemur á engan hátt í veg fyrir að aðilarnir geri aðra samninga um skipti á trúnaðarflokkuðum upplýsingum sem stafa frá þeim og hafa engin áhrif á gildissvið samnings þessa.

6. gr.

- a) Aðilum að Norður-Atlantshafssamningnum skal heimilt að undirrita samning þennan sem skal háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku til vörslu.
- b) Samningur þessi öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag þegar tvö undirritunarriki hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart hverju öðru undirritunarriki þrjátíu dögum eftir að skjal þess um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er afhent til vörslu.
- c) Að því er varðar þá aðila sem samningur þessi hefur öðlast gildi gagnvart kemur hann í stað „Samnings aðila að Norður-Atlantshafsbandalaginu um öryggismál“ (Security Agreement by the Parties to the North Atlantic Treaty Organization) sem Norður-Atlantshafsráðið samþykkti í viðauka A (1. mgr.) við viðbæti við fylgiskjal D.C.2/7, hinn 19. apríl 1952, og var síðar felldur inn í fylgiskjal „A“ (1. mgr.) við C-M (5515) (Lokagerð) sem Norður-Atlantshafsráðið samþykkti hinn 2. mars 1955.

7. gr.

Sérhverjum nýjum aðila að Norður-Atlantshafssamningnum skal heimilt, í samræmi við stjórn-skipunarreglur hans, að gerast aðili að samningi þessum. Aðildarskjal hans skal afhent ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku til vörslu. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart sérhverju ríki, sem gerist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum, þrjátíu dögum eftir að skjal þess um aðild er afhent til vörslu.

8. gr.

Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal tilkynna ríkisstjórnnum hinna aðilanna um afhendingu sér-hvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

9. gr.

Hvaða aðila sem er er heimilt að segja sig frá samningi þessum með því að afhenda vörsluaðila skriflega tilkynningu þess efnis, sem aftur tilkynnir öllum hinum aðilunum um þá tilkynningu. Úrsögn öðlast gildi einu ári eftir að vörsluaðili veitir tilkynningu um úrsögn viðtöku, en hefur engin áhrif á skuldbindingar sem þegar hafa stofnast og réttindi eða sérréttindi sem aðilarnir hafa áður öðlast samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel 6. mars 1997 í einu eintaki á ensku og frönsku, en báðir textarnir eru jafngildir, sem afhenda ber til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku sem skal senda sérhverju hinna undirritunarrikjanna staðfest endurrit þess.

I. VIÐAUKI

Viðauki þessi er óaðskiljanlegur hluti samningsins.

Trúnaðarflokkaðar upplýsingar NATO eru skilgreindar sem hér segir:

- a) upplýsingar merkir vitneskju sem er unnt að miðla í hvaða mynd sem er,
- b) trúnaðarflokkaðar upplýsingar merkir upplýsingar eða efni sem nauðsynlegt er talið að vernda gegn birtingu í heimildarleysi og hefur verið auðkennt þannig með trúnaðarflokkunarstigi,
- c) orðið „efni“ tekur til skjala, enn fremur véla eða tækjabúnaðar eða vopna sem hafa annaðhvort verið framleidd eða eru í framleiðslu,
- d) orðið „skjal“ merkir hvers kyns skráðar upplýsingar án tillits til hlutkennds forms þeirra eða einkenna, meðal annars, án takmörkunar, ritað eða prentað efni, gagnavinnslukort og segulbönd, kort, uppdrætti, ljósmyndir, málverk, teikningar, stungur, skissur, minnispunkta og -blöð, afrit og blekborða eða eftirmyndir, sem eru gerðar með hvaða aðferð eða hætti sem er, og hljóð-, radd-, segul- eða rafeindaupptökur eða ljóstækni- eða myndupptökur í hvaða mynd sem er og færanlegan tækjabúnað fyrir gagnavinnslu með vistfasta geymslumiðla fyrir tölvur og umskiptanlega geymslumiðla fyrir tölvur.

II. VIÐAUKI

Viðauki þessi er óaðskiljanlegur hluti samningsins.

Í samningi þessum merkir skammstöfunin „NATO“ Norður-Atlantshafsbandalagið og þær stofnanir sem falla annaðhvort undir samkomulag varðandi réttarstöðu Norður-Atlantshafsbandalagsins, fulltrúa hjá því og starfsliðs þess, sem var undirritaður í Ottawa hinn 20. september 1951, eða undir bókun varðandi aðstöðu alþjóðlegra hernaðarbækistöðva sem stofnað hefur verið til samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum, sem var undirrituð í París hinn 28. ágúst 1952.

III. VIÐAUKI

Viðauki þessi er óaðskiljanlegur hluti samningsins.

Samráð er haft við herforingja til þess að virða megi sérréttindi þeirra.

**AGREEMENT
BETWEEN THE PARTIES TO THE NORTH ATLANTIC TREATY
FOR THE SECURITY OF INFORMATION**

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on 4th April, 1949;

Reaffirming that effective political consultation, cooperation and planning for defence in achieving the objectives of the Treaty entail the exchange of classified information among the Parties;

Considering that provisions between the Governments of the Parties to the North Atlantic Treaty for the mutual protection and safeguarding of the classified information they may interchange are necessary;

Realising that a general framework for security standards and procedures is required;

Acting on their own behalf and on behalf of the North Atlantic Treaty Organization, have agreed as follows:

Article 1

The Parties shall:

- i. protect and safeguard:
 - a) classified information (see Annex I), marked as such, which is originated by NATO (see Annex II) or which is submitted to NATO by a member state;
 - b) classified information, marked as such, of the member states submitted to another member state in support of a NATO programme, project, or contract,
- ii. maintain the security classification of information as defined under (i) above and make every effort to safeguard it accordingly;
- iii. not use classified information as defined under (i) above for purposes other than those laid down in the North Atlantic Treaty and the decisions and resolutions pertaining to that Treaty;
- iv. not disclose such information as defined under (i) above to non-NATO Parties without the consent of the originator.

Article 2

Pursuant to Article 1 of this Agreement, the Parties shall ensure the establishment of a National Security Authority for NATO activities which shall implement protective security measures. The Parties shall establish and implement security standards which shall ensure a common degree of protection for classified information.

Article 3

1. The Parties shall ensure that all persons of their respective nationality who, in the conduct of their official duties, require or may have access to information classified CONFIDENTIAL and above are appropriately cleared before they take up their duties.
2. Security clearance procedures shall be designed to determine whether an individual can, taking into account his or her loyalty and trustworthiness, have access to classified information without constituting an unacceptable risk to security.
3. Upon request, each of the Parties shall cooperate with the other Parties in carrying out their respective security clearance procedures.

Article 4

The Secretary General shall ensure that the relevant provisions of this Agreement are applied by NATO (see Annex III).

Article 5

The present Agreement in no way prevents the Parties from making other Agreements relating to the exchange of classified information originated by them and not affecting the scope of the present Agreement.

Article 6

- a) This Agreement shall be open for signature by the Parties to the North Atlantic Treaty and shall be subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Government of the United States of America;
- b) This Agreement shall enter into force thirty days after the date of deposit by two signatory States of their instruments of ratification, acceptance or approval. It shall enter into force for each other signatory State thirty days after the deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.
- c) This Agreement shall with respect to the Parties for which it entered into force supersede the "Security Agreement by the Parties to the North Atlantic Treaty Organization" approved by the North Atlantic Council in Annex A (paragraph 1) to Appendix to Enclosure to D.C. 2/7, on 19th April, 1952, and subsequently incorporated in Enclosure "A" (paragraph 1) to C-M(55)15(Final), approved by the North Atlantic Council on 2nd March, 1955.

Article 7

This Agreement shall remain open for accession by any new Party to the North Atlantic Treaty, in accordance with its own constitutional procedures. Its instrument of accession shall be deposited with the government of the United States of America. It shall enter into force in respect of each acceding State thirty days after the day of the deposit of its instrument of accession.

Article 8

The Government of the United States of America shall inform the Governments of the other Parties of the deposit of each instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

Article 9

This Agreement may be denounced by written notice of denunciation by any Party given to the depository which shall inform all the other Parties of such notice. Such denunciation shall take effect one year after receipt of notification by the depository, but shall not affect obligations already contracted and the rights or prerogatives previously acquired by the Parties under the provisions of this Agreement.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized to this effect by their respective Governments, have signed this Agreement.

DONE in Brussels, this 6th day of March, 1997 in a single copy in the English and French languages, each text being equally authoritative, which shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America and of which certified copies shall be transmitted by that Government to each of the other signatories.

Annex I

This Annex forms an integral part of the Agreement.

NATO classified information is defined as follows:

- a) information means knowledge that can be communicated in any form;
- b) classified information means information or material determined to require protection against unauthorized disclosure which has been so designated by security classification;
- c) the word “material” includes documents and also any item of machinery or equipment or weapons either manufactured or in the process of manufacture;
- d) the word “document” means any recorded information regardless of its physical form or characteristics, including, without limitation, written or printed matter, data processing cards and tapes, maps, charts, photographs, paintings, drawings, engravings, sketches, working notes and papers, carbon copies and ink ribbons, or reproductions by any means or process, and sound, voice, magnetic or electronic or optical or video recordings in any form, and portable ADP equipment with resident computer storage media, and removable computer storage media.

Annex II

This Annex forms an integral part of the Agreement.

For the purposes of the present Agreement, the term “NATO” denotes the North Atlantic Treaty Organization and the bodies governed either by the Agreement on the status of the North Atlantic Treaty Organization, National Representatives and International Staff, signed in Ottawa on 20th September, 1951 or by the Protocol on the status of International Military Headquarters set up pursuant to the North Atlantic Treaty, signed in Paris on 28th August, 1952.

Annex III

This Annex forms an integral part of the Agreement.

Consultation takes place with military commanders in order to respect their prerogatives.